

Forfallatrygging

Skilmáli F-2

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. gr. Bótasvið

Félagið greiðir allt að þeirri upphæð, sem tilgreind er í skírteininu vegna fyrirframgreidds ferðakostnaðar, sem hinn váttryggði á samkvæmt samningi ekki rétt á að fá endurgreiddan ef hann neyðist til að hætta við ferð sína vegna:

- 1.1 Alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda hins váttryggða, (staðfest með vottorði læknis um, að tryggði sé ekki ferðafær).
- 1.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda maka, foreldra, barna, tengdabarna og systkina hins váttryggða.
- 1.3 Verulegs eignatjóns á heimili hins tryggða eða í einkafyrirtæki hans, eftir að váttryggingin er tekin, sem gerir nærveru váttryggða nauðsynlega.
- 1.4 Opinberrar sóttkvíar.

2. gr. Undanskildar áhættur

Bætur greiðast ekki vegna:

- 2.1 Niðurfellingar eða frestunar áætlunarferðar, verkfalls eða verkbanns.
- 2.2 Sjúkdóms, sem var fyrir hendi áður en váttryggingin var tekin.
- 2.3 Skuldbindingar til flutningsaðila, ferðaskrifstofu, hótels eða leiguaðila, þegar engar greiðslur hafa farið fram.

3. gr. Tilkynning um tjón

Váttryggðum þarf tafarlaust að tilkynna félaginu, ef ætla má að til greiðslu bóta gæti komið. Ber honum að leggja fram vottorð læknis og farseðil og/eða reikning um innborgun á ferðakostnaði. Félagið hefur rétt til að ráðstafa og nýta ferðakostnaðinn eftir því sem reglur flutningsaðila eða ferðaskrifstofu leyfa.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019